

23. nóvember 2010
SÍ-68331

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 22. nóvember 2010, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (breyting ýmissa laga), 200. mál.

Í *Peningamálum* frá 5. nóvember sl. var í rammagrein 5.1 fjallað ítarlega um fjárlög ársins 2011. Þar var jafnframt fjallað um þær ráðstafanir í ríkisfjármálum sem koma fram í frumvarpinu.

Seðlabankinn tekur ekki beina afstöðu til þess hvernig stjórnvöld útfæra í smáatriðum ráðstafanir sem fjallað er um í frumvarpinu. Hins vegar hefur bankinn lagt mat á hvort þær séu í samræmi við markmið efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um aðhald í fjármálum hins opinbera. Í fyrirnefndri umfjöllun *Peningamála* var niðurstaðan sú að ráðstafanir í ríkisfjármálum sem greint er frá í frumvarpinu samrýmist efnahagsáætluninni. Því eru ekki gerðar neinar athugasemdir við frumvarp þetta af hálfu Seðlabanka Íslands.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur